

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn		
Prófdagur:	25. apríl 2009	Kl.:	9:00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblið:	3 bls. (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	Eingöngu leyfilegt að hafa lög, reglugerðir, reglur Fjármálaeftirlitsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin, Kauphöll Íslands hf.)	Fylgiblið:	Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Verkefni (5%)

Í hverju felst munurinn á starfsheimildum viðskiptabanka og fjárfestingarbanka?

2. Verkefni (5%)

Skilgreindu hugtakið “innherji”. Hagsmuna hverra er verið að gæta með setningu laga og reglna um innherjaviðskipti?

3. Verkefni (5%)

Samkvæmt lögum um verðbréfiðskipti ber fjármálafyrirtækjum að flokka alla viðskiptavini sína sem almenna fjárfesta, fagfjárfesta eða viðurkennda gagnaðila. Hvenær á slík flokkun sér stað, í hvaða tilgangi er hún gerð og hvaða afleiðingar hefur hún?

4. Verkefni (5%)

Hvert er hlutverk rekstrarfélaga verðbréfasjóða? Nefndu hvað greinir verðbréfasjóði frá öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu?

5. Verkefni (5%)

Fjárfestingarráðgjöf er starfsleyfisskyld þjónusta samkvæmt lögum nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti. Hver eru skilyrði fyrir því að um sé að ræða fjárfestingarráðgjöf í skilningi laganna?

6. Verkefni (10%)

Lýstu muninum á fagfjárfesti skv. 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti, og hæfum fjárfesti skv. 9. tölul. 43. gr. laganna.

7. Verkefni (10%)

Útgefandi A hefur gefið út nokkra flokka skuldabréfa og hafa allir skuldabréfaflokkarnir verið teknir til viðskipta hjá NASDAQ OMX á Íslandi. Nú fer að líða að því að útgefandinn þarf að birta ársreikning, líkt og kveðið er á um í 57. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, en útgefandinn vill helst komast hjá því og leitar ráða hjá þér. Er útgefandanum skylt að birta ársreikning? Hver er meginreglan og eru til einhverjar undantekningar? Rökstyðjið svarið.

8. Verkefni (10%)

Fjármálafyrirtæki með starfsleyfi á Íslandi hyggst útvíkka starfsemi sína erlendis. Útskýrið muninn á því að stofna annars vegar dótturfélag og hins vegar útibú erlendis gagnvart íslenskum og erlendum eftirlitsaðilum á fjármálamarkaði. Meðal annars skal svara því hjá hverjum og á hvaða hátt íslenska fjármálafyrirtækið sækir um leyfi fyrir slíkri starfsemi.

9. Verkefni (10%)

Hver er munurinn á greiðsluskyldu íslenska ríkisins og Tryggingasjóðs innstæðueigenda (lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta) vegna dótturfyrirtækja íslensks fjármálafyrirtækis annars vegar og útibúa íslensks fjármálafyrirtækis hins vegar, innan EES. Nefndu dæmi.

10. Verkefni (15%)

Hlutabréf sjávarútvegsfyrirtækis hafa nýlega verið tekin úr viðskiptum hjá NASDAQ OMX og eru þau í eigu þrjú þúsund aðila. Hlutabréfin eru rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Skuldabréf fyrirtækisins hafa aldrei verið tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX.

A.

Einn hluthafanna fær veður af því að fyrirtækið hafi verið að taka stórt lán. Hluthafinn telur að upplýsingaskyldu sé ekki sinnt og að verðmæti hluta sinna skerðist af þessum orsökum. Hann hringir í framkvæmdastjórnann og hellir sér yfir hann og heimtar upplýsingar um fjárhagslega stöðu félagsins og vísar til 1. mgr. 68. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Á hann rétt á upplýsingum á grundvelli þessa lagaákvæðis? Rökstyðjið svarið.

B.

Hann segir framkvæmdastjórnannum í leiðinni að hann vilji selja hlutabréfin í þessu draslfyrirtæki og biður um upplýsingar um hvernig eigi að standa að því. Hverjum getur hluthafinn selt bréfin? Þarf atbeina fjármálafyrirtækis við sölu hlutabréfanna? Hvernig fer framsal og skráning réttinda á slíkum hlutum fram?

11. Verkefni (20%)

Jón er ellilífeyrisþegi, er sjötú og fimm ára og hafði verið viðskiptavinur hjá Landbúnaðarbankanum alla sína ævi. Hann hafði verið í eigin rekstri og hafði lagt fyrir til efri ára og átti um það bil 20 milljónir króna í sparifé enda átti hann mjög lítinn lífeyri að öðru leyti. Hann var með peningana hjá bankanum sínum inn á bók en þegar hann nálgast sjötugt og hafði aukinn frítíma þá ákvað hann að fara að “spila á markaðnum”. Hann hafði lesið um það í blöðunum að það væri ekki hægt að tapa á markaðnum og allir sem hann þekkti voru að fjárfesta í hlutabréfum og skuldabréfum og alls kyns öðrum “gerningum”. Hann hringdi því í þjónustufulltrúann sinn í bankanum og sagði frá þessari fyrirætlun sinni og bað um að fá að kaupa hlutabréf. Þjónustufulltrúinn vísaði honum á Sigga, verðbréfamiðlara hjá bankanum, sem væri frábær strákur og ættaður að norðan eins og Jón. Siggi bauð Jóni að koma í eignastýringu og fannst Jóni það hin besta hugmynd enda var Siggi greinilega með góða tilfinningu fyrir markaðnum þar sem hann var nýbúinn að ljúka háskólaprófi. Jóni og Sigga var fljótt vel til vana og spjölluðu þeir í síma oft í viku. Jón fékk reglulega yfirlit frá bankanum og innstæða hans óx reglulega. Í nóvember 2008 komst Jón að því að hann átti eftir 3 milljónir samtals í eignastýringu hjá bankanum. Hann skoðaði yfirlit frá því í september og við nánari athugun sá hann að eignir hans á þeim tíma samanstóðu af: a) skráðum hlutabréfum í Landbúnaðarbankanum, b) hlutdeildarskírteinum í sjóðum Landbúnaðarbankans og c) framvirkum skuldabréfum í Landbúnaðarbankanum.

Jón varð mjög sár og reiður og leitar til þín til aðstoða sig til að leita réttar síns. Honum finnst á sér brotið og vill fá peningana sína aftur. Landbúnaðarbankinn er starfandi í apríl 2009.

Jón óskar eftir ráðleggingum þínum um hvert hann getur snúið sér.

Þú þarft að fara yfir málið og athuga hvernig þjónustu fjármálafyrirtækisins var háttáð við viðskiptavininn. Hvað þarftu að skoða varðandi samskipti hans við bankann?

Ef niðurstaða þín verður að brotið hafi verið á réttindum viðskiptavinarins hver eru næstu skref þín fyrir hans hönd?